



TOLLVARÐAFÉLAG ÍSLANDS

Grettisgötu 89, 105 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 187/2002
komudagur 27. febrúar 2002

Hafnarfirði 27. febrúar 2002

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19 frá 12. febrúar 1940 og frumvarpi um breytingu á lögreglulögum nr. 90 frá 13 júní 1996.

Stjórn Tollvarðafélags Íslands hefur borist erindi yðar dagsett 22. febrúar 2002 þar sem óskað er eftir umsögn þess um framkomin frumvörp um breytingu á lögum um starfslok lögreglumanna og breytingu á lífeyrisréttindum þeirra.

Stjórn Tollvarðafélags Íslands hefur skoðað umrædd frumvörp og fagnar framkomu þeirra, þar sem með þeim er viðurkennd sú staðreynd sem félagar í Tollvarðafélagi Íslands og Landsambandi Lögreglumanna hafi haldið fram, þ.e. að ekki sé æskilegt að lögreglumenn starfi lengur en til 65 ára aldurs við að halda uppi lögum og reglum í landinu.

Stjórn Tollvarðafélags Íslands harmar hins vegar efni athugasemdar sem lögð er fram um breytingu á 1.gr. frumvarps um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að frumvarpið taki eingöngu til þeirra lögreglumanna sem taka laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Landsambands lögreglumanna en ekki þeirra lögreglumanna sem taka laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Tollvarðafélags Íslands.

▪ Lögregluvald

Í kennsluriti Úlfjóts I um Stjórnarfarsrétt eftir Ólaf Jóhannesson segir á bls. 63 en þar er fjallað er um löggæslu í landinu “**Skipshafnir varðskipana og tollverðir teljast til lögreglumanna ríkisins.**”

Í 9. gr. lögreglulaga nr. 90 frá 1996 segir eftirfarandi í 4. tl.

“Tollstjórar, löglærðir fulltrúar þeirra og tollverðir fara með lögregluvald á sínu starfsvið og þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.”

Ekki fer á milli mála að með orðunum “*þegar þeir annast löggæslu*, að tollverðir séu lögreglumenn sem haldi uppi löggæslu í landinu.

Í 26. gr. sömu laga þar sem fjallað er um heimildir til að fela lögreglu tollgæslustörf segir eftirfarandi.

“Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með samkomulagi við fjármálaráðherra að lögreglumenn skuli gegna tollgæslustörfum jafnframt öðrum löggæslustörfum eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra og eftir reglum sem settar eru í samráði við tollgæslustjóra. Þar sem slík starfstilögun er ákveðin skal þess getið í auglýsingu um starfs lögreglumanns.”

Er slík tilhögun nú viðhöfð á flestum tollhöfnum utan höfuðborgarsvæðisins þ.e. lögreglumenn gegna starfi tollvarða þegar þurfa þykir eftir ákvörðun sýslumanns.

Í 32. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum kemur eftirfarandi fram:

“Fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra geta ákveðið að þar sem henta þykir skuli lögreglumenn annast tollefirlit jafnframt öðrum löggæslustörfum. Fela má starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands að annast tollefirlit. Þegar lögreglumönnum, starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands eða öðrum er falið að vinna tollgæslustörf, án þess að þeir hafi tollgæslu að aðalstarfi, hafa þeir sömu heimildir til starfa og gegna sömu starfsskyldum og tollverðir. Tollstjórar geta falið tollvörðum að gegna almennum löggæslustörfum, hverjum í sínu tollumdæmi.”

Í reglugerð nr. 85 frá 1983 um Tollskóla ríkisins, veitingu í fastar tollstöður o.fl. sbr. reglugerð nr. 73/1986 um breytingu á henni, eru kennslugreinar m.a. á fyrri önn skólans;

7. Tollgæslufræði.

Nemendum skal gerð grein fyrir starfs-sviði tollgæslunnar og helstu eftirlitsþáttum sem tengjast samgöngum við landið. Kynntar skulu í meginatriðum þær aðferðir er tollgæslan beitir við eftirlitsstörf, m. a. til að hindra ólöglegan inn- og útflutning

10. Löggæsluæfingar.

Tollstarfsmenn skulu fá líkamlega þjálfun er miði að því að gera þá hæfa til þess að framfylgja með festu lögum og reglu og með valdi ef nauðsyn ber til. Kennnd skulu undirstöðuatriði við handtöku og sjálfsvörn. Jafnframt skulu tollgæslumenn fá sundkennslu og æfingar í björgun manna frá drukknum.

Í síðari önn tollskólans eru kennslugreinar m.a.

9. Tollgæslufræði.

Veitt skal sérstök fræðsla um starfssvið tollgæslunnar, umferðarrétt og rétt til eftirlits og rannsókna á hafnarsvæðum og flugvöllum og rétt til rannsókna og töku vara sem þar eru geymdar, rétt til leitar í skipum, flugvélum og húsum, á mönnum og í farangri, upplýsingaskyldu gagnvart töllyfirvöldum og afgreiðslu vara í utanlandsferðum. Kynnt skal eftirlit með útflutningi, tollvörugæmslum og tollfrjálsum fylgiferðum, búnaði og vistun í förum í utanlandsferðum og upplýst um reglur þær sem gilda um innflutning sendiráða erlendra ríkja og starfsmanna þeirra og stjórnarpóst.

10. Refsiréttur.

Skýrð skulu grundvallar hugtök almennra hluta refsiréttarins og þau tengd algengustu brotum á sviði tollamála. Gerð skal grein fyrir hugtökunum tilraun og hlutdeild, ásetningur, fullframing brots, varnaðaráhrif refsinga, hugtakinu refsing og önnur viðurlög og brot í opinberu starfi

11. Meðferð opinberra mála

Farið skal yfir meginreglur laga um meðferð opinberra mála og aðgreiningu þeirra frá einkamálum svo og tengsl opinberra mála og refsiréttar. Veitt almennt yfirlit um skipulag og hlutverk dómstólanna, ákærvaldsins, tollyfirvalda og tollgæslunnar; kæruskyldu og frumkvæði tollgæslunnar til aðgerða vegna refsiverðrar háttsemi; frumrannsókn opinbers máls og ráðstöfun þess að henni lokinni; heimildum dómara og tollyfirvalda til þess að ljúka opinberu máli án málshöfðunar; rannsókn og meðferð opinbers máls fyrir dómi; fullnustu refsisdóma; almennt um sakborning og réttarstöðu hans; valdbeitingu tollgæslumanna, handtöku, gæsluvarðhaldi, haldi á vörum og leit; yfirheyrslu sakbornings og vitnis

12. Rannsókn brota

Kenndar skulu aðalreglur um rannsókn afbrota og farið yfir rannsókn nokkurra flokka afbrota á sviði tollamála. Kennd skal yfirheyrslutækni, aðferð við leit í skipum, flugvélum og öðrum farartækjum, húsum og opnum svæðum, leit á mönnum og í farangri. Leiðbeint skal um notkun helstu tækja og gagna sem notuð eru við rannsókn máls.

15. Löggæsluæfingar

Æfingar í framkvæmd ýmissa tollgæsluáðgerða, meðferð og beiting tollgæslutækja, sjálfsvörn, sund og leikfimi

Ljóst er að löggjafinn hefur ákveðið að stéttirnar tvær, lögreglumenn og tollverðir geti gengið hvor í annars störf þar sem sýslumenn telja það hagstætt og er þá engin greinarmunur gerður á muni starfana. Verði þau lagafrumvörp sem fyrir liggja samþykkt án þess að þau taki jafnframt til tollvarða er komin munur á kjaralegum réttindum þessara stétta sem ekki hefur verið áður og löggjafinn gerir greinarmun á mikilvægi þeirra.

▪ Starfsumhverfi tollvarða

Við embætti Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli starfa þessar stéttir saman allan sólahringinn í nær öllum sömu störfunum. Við vopnaleit og landamæraeftirlit samkvæmt Schengen samningum starfa þessar stéttir saman og ganga báðar í öll störf. Við embættið eru einnig“ starfandi “ tveir fíkniefnahundar og umsjónarmenn þeirra. Annar þeirra er í umsjón og daglegri stjórn lögreglumanns en hinn er í daglegri stjórn og umsjón tollvarðar. Með samþykki lagana án tollvarða er gerður kjaralegur munur á þessum störfum eftir því í hvoru stéttarfélagi þeir eru sem framkvæma sömu störf.

Hjá öðrum sýslumönnum sem hafa Tollgæslu á sínum vegum er sami háttur hafður á, þ.e. að lögreglumenn aðstoði við tollgæslu og tollverðir geta verið hvattir til starfa sem lögreglumenn. Telur stjórn Tollvarðafélags Íslands það með öllu óhæft að gera þann kjaralega mun á stéttunum sem verður við samþykkt lagana án tollvarða. Jafnframt er ljóst að með þeim ákvæðum í tollalögum er heimilla sýslumönnum að láta tollverði gegna almennum löggæslustörfum getur þýtt að tollverðir á aldrinum 65-70 geta þurft að gegna almennum löggæslustörfum hjá sýslumönnum þegar allir lögreglumenn hafa hætt störfum. Jafnframt getur það þýtt utan Reykjavíkur að lögreglumenn sem eru með það í sínum ráðningarsamningi skv. 26. gr. lögreglulaga að þeir þurfi að gegna tollgæslustörfum og aðstoða tollvörð á viðkomandi stað við tollgæslu eða hafi það að

næri fullu starfi, hætti 65 ára en tollvörðurinn þurfi áfram að gegna sínu starfi til 70 ára aldur.

Árið 1999 var gerður samningur milli Ríkislögreglustjóra og Ríkistollstjóra um samstarf lögreglu og tollgæslu í baráttunni gegn fíkniefnum. Er í þeim samningi kveðið á um að sá samningur eigi að styrkja og efla samstarf lögreglu og tollgæslu, m.a. með samvinnu í þjálfun og notkun fíkniefnaleitarhunda, sameiginlegum eftirlitsverkefnum, sameiginlegri menntun og þjálfun, starfsmannaskiptum lögreglu og tollgæslu á sviði fíkniefnavarna.

Telur stjórn Tollvarðafélags Íslands ótvírætt að tollverðir séu lögreglumenn eins og þeir lögreglumenn er taka laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Landsambands Lögreglumanna.

▪ **Afnám verkfallsréttar tollvarða, kjarasamningar.**

Í kjölfar alsherjarverkfalls BSRB 1984 þar sem tollgæslan lagði niður störf að miklum hluta, hafði dóms- og fjármálaráðuneytið frumkvæði að því að óska eftir breytingum á kjaralegri stöðu tollvarða með það fyrir augum að verkfallsréttur tollvarða yrði látinn af hendi.

Það var síðan 1986 sem lögreglulögnum var breytt á þann hátt sem kveðið er á um í núverandi 31. gr. lögreglulaga um bann við verkföllum og verkfallsboðunum var samþykkt bókun samhliða um samningsréttarmál milli fjármálaráðuneytis og Tollvarðafélags Íslands er tók til tollvarða (fylgiskjal 1) en þar sagði m.a. : ***Aðilar eru sammála um að fyrirhuguð breyting á lögum um lögreglumenn er banni verkföll þeirra nái til tollvarða með sama hætti og til annarra lögreglumanna ríkisins.*** Ljóst er á orðalagi bókunarinnar að ekki fer á milli mála að fjármálaráðuneytið telur að tollverðir séu lögreglumenn eins og þeir lögreglumenn er taka laun samkvæmt kjarasamningi Landsambands Lögreglumanna og fjármálaráðuneytis. Við afnám verkfallréttarins var litið svo á að báðar stéttirnar væru jafn mikilvægar við löggæslu landsins og var því verkfallsrétturinn afnumin af þeim báðum samtímis. Samhliða þessari breytingu á lögreglulögum var gerður svokallaður viðmiðunarsamningur milli þessara stétta og fjármálaráðuneytis sem tryggði þeim samsvarandi kjarabætur og ákveðnum stéttum er voru í viðmiðunarhóp þessara stétta sem höfðu verkfallsrétt og gátu með honum hugsanlega náð meiri kjarabótum en lögreglumenn og tollverðir sem ekki gátu beitt verkfallsvopninu. Frá þeim tíma hefur kjaraleg stað lögreglumanna og tollvarða haldist í hendur. Í niðurstöðu nefndar er fór yfir kjaralega stöðu tollvarða árið 1996 samkvæmt áðurgreindu viðmiðunarsamkomulagi, sagði í niðurstöðum nefndarinnar;

“Nefnd skv. 5. gr. samkomulags Tollvarðafélags Íslands og Fjármálaráðuneytisins frá 18. október 1993 hefur í dag komist að niðurstöðu um breytingar á launum tollvarða. Niðurstaðan felur í sér að frá 1. janúar 1996 verði launatöflur tollvarða og lögreglumanna eins. Þessir tveir hópar lúta sömu reglum um launabreytingar milli kjarasamninga og hafa sömu viðmiðunarhópa. Niðurstaðan var ákveðin m.t.t. þess að æskilegt sé að á samningstímabilinu verði launabreytingar sem þessum hópum eru ákveðnar á grundvelli framagreinds samkomulags og hliðstæðs samkomulags Landsambands Lögreglumanna eins. Beinir nefndin þeim tilmælum til viðkomandi aðila að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að svo megi verða.”

Tollverðir féllust á í síðustu kjarasamningum að láta af hendi viðmiðunarsamkomulag m.a. í ljósi þess að nýtt launakerfi hafði verið tekið upp hjá nær öllum viðmiðunarstéttum þeirra og stéttirnar sjálfar voru á leið inn í nýtt launakerfi. Í viðræðum sínum við SNR var því algerlega hafnað af hálfu ríkisins að ljá máls á nokkurri lækkun eftirlaunaaldurs, sem þó hafði verið mikilvægt atriði í kröfugerðum félagsins í undanförunum kjarasamningaviðræðum.

Tollverðir hefðu aldrei samþykkt afnám viðmiðunarsamningsins hefðu þeir vitað að löggjafinn hygðist reka kjaralegan fleyg á milli þessara stétta með því að mismuna þeim í lífeyrisréttindum strax að viðmiðunarsamningnum gengnum. Ljóst er að þegar ungt fólk sem hefur áhuga á að gera löggæslustörf að framtíðarstörfum sínum, að þessi munur á kjörum við starfslok, á eftir að hafa mikil áhrif á það hvaða starf þau velja og hvernig fólk veljist til starfana. Ljóst er að starf tollvarðar verður ekki jafn eftirsótt og starf lögreglumanns verði þessar breytingar á lögum um Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins að lögum án tollvarða, og má líkja því við að þessum stéttum verði skipt upp í 1. og 2. flokk lögreglumanna.

▪ Skýrsla Pricewaterhouse Coopers

Í úttekt PWC á hugsanlegum kostnaði ríkissjóðs vegna lækkunar á aldurshámarki lögreglumanna sem gerð var fyrir Dómsmálaráðuneytið í mars 1999 kemur fram að kostnaðarauki ríkisins við lækkunar lífeyrisaldurs með þeirri bætingu sem nú liggur fyrir í frumvarpi um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er óverulegur. (leturbreytingar eru þegar texti er tekin beint upp úr skýrslu.)

Í gr. 5.1 kemur m.a. fram að sparnaður sem yrði við lækkun á aldurshámarkinu er sparnaður sem verður á heildarlaunakostnaði ríkisins við ráðningu ungra lögreglumanna (milli 20 –30) í staðinn fyrir þá eldi sem hætta fyrr. Þessi sparnaður felst í heildarlaunakostnaðinum. Heildarlaunakostnaðurinn felst í munninum á meðalheildarlaunakostnaði allar þeirra sem eru á milli 61 –70 ára og þeirra sem eru á milli 20 –30 ára.

Í gr. 5.3 um veikindalaun kemur m.a. fram eftirfarandi. *Annar sparnaður sem beinlínis er hægt að mæla í krónum er veikindalaun. Það virðist mun algengara að lögreglumenn á efri árum séu oftast langtímaveikir en yngri menn. Þannig kemur fyrir að lögreglumenn séu á veikindalaunum í heilt ár áður en að þeir fari á eftirlaun. Læknisfræðilega séð verður fólk oftast veikt og langtímaveikt á þessum aldri (61- 70). Auk veikindalauna sem lögreglumenn fá þegar þeir eru veikir er kostnaður við aðra lögreglumenn sem fylla skarðið.Það má taka fram að meðalyfirvinnulaun og vaktalaun haldast í veikindum.Yfirleitt er fyllt í skarðið með yfirvinnu og er þá verið að greiða talsvert hærra laun fyrir unnið starf heldur en venjuleg dagvinnulaun.*

Í gr. 6.1. um vaktafyrirkomulag kemur m.a. fram vegna þeirra ákvæða að lögreglumenn geti hætt vöktum um 55 ára aldur. *Einhverjir fara í skrifstofustörf sem er oft dýr lausn fyrir lögregluembætti, þar sem þessir lögreglumenn eru yfirleitt komnir efst í launabæpin og störfin sem þeir eru í eru oft hægt að fylla með ódýrari skrifstofufólki.*

Í gr. 6.3 um samanburð á eldri og yngri lögreglumönnum kemur m.a. fram. *Eðlilegt er að bera saman lögreglumenn milli 61 – 70 og þá sem tækju við þeirra störfum þ.e. lögreglumenn milli 20 –30 ára. Niðurstaðan á þessum samanburði er að margir þættir eru ólíkir hjá lögreglumönnum á þessum aldursbilum. Þar má nefna starfsorku, áhuga, þrek, sveigjanleika, snöggheit, virkni lögreglumanna, sjálfstraust og áhrif á veitta þjónustu.*

Ekki verður annað séð við lestur skýrslunnar að sömu rök og tölulegar upplýsingar getu einnig átt við tollverði.

▪ **Starfslokasamningar tollstjórans í Reykjavík**

Í febrúarmánuði 2002 lagði tollstjórinn í Reykjavík niður þrjár stöður tollvarða sem voru komnir á efri ár en ekki höfðu náð 70 ára aldri.

- Einn tollvörður er 68 ára gamall og var með 35 ára starfsaldur í tollgæslunni frá 1966. Var starf hans lagt niður og honum borguð biðlaun til febrúar 2003.
- Annar var yfirtollvörður og er 64 ára gamall og var hann einnig með 35 ára með starfsaldur í tollgæslunni frá 1966. Var starf hans lagt niður og honum borguð biðlaun til febrúar 2003.
- Þriðji var 60 ára aðaldeildarstjóri og var með starfsaldur í tollgæslunni frá 1965 með smá hléum. Starf hans verður lagt niður frá 1 júní 2002 og honum borguð biðlaun til 1. júní 2003.

Reikna má með að ástæða niðurlagningar starfana hafi verið að ástæður þær er taldar eru upp í gr. 6.3. í skýrslu Pricewaterhouse Coopers hafi átt við þessa tollverði, þar sem allir aðrir tollverðir í Reykjavík eru með styttri starfsaldur en þeir og ættu því að fara á undan og meðal annars nokkrir lausráðnir sem ekki hefði þurft að borga biðlaun í heilt ár hefðu

Þeir verið látnir fara, heldur hefði verið nóg að tilkynna þeim að ekki yrði um áframhaldandi ráðningu að ræða.

Er því ljóst að fjármálaráðuneytið er tilbúið að leggja á sig umtalsverðan kostnað til að losna við þá tollverði þar sem starfsorkan er farin að dvína. Reikna má með að þessi niðurlagning á störfum kosti embætti Tollstjórans í Reykjavík um 8.000.000 til 10.000.000.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu Fjármálaráðuneytis um frumvarpið um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins kemur fram að meðaltalsútgjöld ríkisins vegna breytingar á lífeyrisaldri lögreglumanna næstu tuttugu árin séu um 80.000.000.

Félagar í Landsambandi Lögreglumanna eru á bilinu 600-700 en félagar í Tollvarðafélagi Íslands um 100. Reikna má því með að sambærilegur kostnaður vegna tollvarða sé um 8-10.000.000 þó það að sjálfsögu fari eftir aldursdreifingu félagsmann, en reikna má með að hún sé svipuð hjá báðum félögunum. Reiknað er með að kostnaður næstu fimm árin hjá lögreglumönnum sé 30–40 m.kr. á ári fyrir allt félagið. Er því kostnaður Tollstjórans í Reykjavík vegna þeirra þriggja starfa sem hann lagði niður um 1/3 af heildarútgjöldum sem fjárlagaskrifstofa reiknar út að kostnaður sé vegna allra lögreglumanna næstu fimm árin. Munurinn er hinsvegar sá að lögreglumennirnir hætta störfum eftir áratuga starf í löggæslu landsins með beint bak og hverfa frá störfum áður en starfsorka er farin að dvína. Tollverðirnir sem starfað hafa að löggæslu landsins fara hinsvegar úr starfi á sama tíma og af sömu ástæðu, en með öðrum hætti. Þeirra starfslok eru í formi niðurlagningu starfs og eru þeir látnir vera heima í heilt ár á fullum launum með þeim skilaboðum að vegna aldurs þeirra sé hagstæðast fyrir alla aðilla að þeir mæti ekki meir til starfa, og eru starfslok þeirra tilkynnt eftir jafnvel 35 ára starf, með viku fyrirvara. Ekki er hægt að tala um að þau starfslok séu með mikilli reisu eftir margra áratuga starf við löggæslu landsins, en framkomið frumvarp um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins bíður upp á að svo verði fyrir aðra lögreglumenn.

▪ Lokaorð

Stjórn Tollvarðafélags Íslands vonar að við afgreiðslu frumvarpana verði gerðar þær breytingar á þeim sem tryggja félögum í Tollvarðafélagi Íslands sömu lífeyrisréttindi og öðrum lögreglumönnum landsins og að kjörum lögreglumanna og réttindum verði ekki mismunaði nú. Telur stjórn Tollvarðafélags Íslands að ekki séu forsendur fyrir því að skipta upp kjörum lögreglumanna nú eftir því í hvaða stéttarfélagi þeir eru. Vonast stjórn félagsins því eftir að Alsherjarnefnd og Efnahags og viðskiptanefnd geri þær breytingar á þeim sem nauðsynlegar eru til að tollverði geti við 65 ára aldur hætt störfum á sama hátt og aðrir lögreglumenn er starfað hafa að löggæslu í landinu og að félagar í Tollvarðafélagi Íslands þurfi ekki að óttast þegar dregur að starfslokum hjá þeim, að störf þeirra verði lögð niður, heldur að þeir geti hætt störfum með sömu réttindum og gert er ráð fyrir í þingskjali 783 lögðu fyrir á 127. löggjafarþingi 2001-2002.

Virðingarfyllt,



Hörður Davíð Harðarson,
formaður Tollvarðafélags Íslands

Bókun

um sanningsréttarmál.

Aðilar eru sammála um að fyrirhuguð breyting á lögum um lögreglumenn er banni verkföll þeirra nái til tollvarða með sama hætti og til annarra lögreglumanna ríkisins.

Jafnframt eru aðilar sammála um að á lögum um kjarasamninga opiberra starfsmanna verði gerðar breytingar er snerta sérkjarasamninga fyrir tollverði.

Í því efni verði gert ráð fyrir því að náist ekki samkomulag um samninga þeirra geti hvor aðili um sig krafist kjarabreytinga er samsvari því sem á vantar að tollverðir fái þá meðalhækkun sem eftirfarandi aðilar hafa fengið frá gerð síðasta sérkjarasamnings T. F. í.

1. BSRB
2. BHMR
3. SIB
4. BK

Hagstofa Íslands reikni út framangreindar kjarabreytingar á sex mánaða fresti talið frá 1. júlí 1986.

Aðilar munu í samvinnu við fulltrúa annarra lögreglumanna ríkisins ganga frá samkomulagi um starfsreglur, tímafresti o.fl. fyrir úrskurðaraðila er taki ágreining til úrlausnar ef ágreiningur leysist ekki með samkomulagi.

16. september 1986

Andri H. Þómasson
Svein H. Haarde
Kjartan Þórnason
Rouvin Sævar

Ólafur Guðmundsson
Pjetur Traustason
Valinn Jónsson
Sigurður Albertsson
Róssvið Haraldsson